

(37) af því að litnum er stíllt í hof og gætir hér sterkra áhrifa frá Wilhelm heitnum Lundström.

Hafsteinn Austmann, Steinþór Sigurðsson og Elías B. Halldórsson mála það sem kalla má ljóðrænar abstrakt-myndir og eru undir sterkum áhrifum Parísar-skólans. Hafsteinn á prýðisverk á borð við „Fugladansinn“ (19) og „Bárur“ (20), sem sýna sterka stöðu hans í þessari tegund málsverks. Myndir Steinþórs á ég erfiðara með að átta mig á. Kannski myndu þessi dekoratívu form betur söma sér sem fristandandi höggmyndir steiptar í brons. Myndir Elíasar komu mér sannarlega á óvart, sakir styrks og góðrar litameðferðar. Ég jata að ég þekki lítið til verka hans, en þessi eru meðal þess besta á sýningunni.

Þeir Þorvaldur Skúlason, Karl Kvaran og Jóhannes Jóhannesson eiga afbragðs-framlag, þótt myndir þeirra séu misgóðar. Nýjasta mynd Þorvaldar af þremur (12) finnst mér áberandi best og sterkust. „Kinverskt ljóð“ (43) eftir Karl er feikilega góð lita- og formkomposísjón, og yfirskyggir dálítið hin verkin þótt góð séu. Jóhannes sýnir nokkuð smágerðar myndir, af hverjum „Leysing“ (66) og „Nótt“ (68) skara framúr sakir öruggar úrlausnar formrænna vanda-mála.

Kristján Davíðsson og Einar Þorláksson sýna skemmtileg tilþrif í frjálslaga máluðum abstrakt-myndum. Að visu kann ég betur að meta hinar ihugulu myndir Kristjáns úr fjörunni, en gáskinn er honum eðlislægur og ekki vantar kraftinn í pensilinn, sem hann beitir af stakri fimi í þessum risskenndu myndum. Myndir Einarsson eru hans bestu og nýtur hann sín í fáum litum og grafískri pensiltækni. Það er eitthvað súðrænt og súrrealískt í þessum verkum (Er „Mozartiana“ hlíðstæða „Bachiana“ brasílíska tónskáldsins Villa-Lobos?) og best eru nr. 59 og 60.

Nafna hans Einar Hákonarson vantar að losa um skematísk vinnubrögð sem hrjá nokkuð málverk hans. Af þeim þremur myndum sem hann sýnir, er „Spegil-mynd“ (63) einna vænlegust sem útgangspunktur í þeim efnun.

Þá sýnir Guðmunda Andr-ésdóttir þrjú málverk. Hún vinnur nokkuð seriúskent, einum of að minnu mati og virðist komin allnokkur þreyta í formbyggingu hennar. En hún er próduktíf og sýnir oft, það er hennar forte.

Ennfremur eru þrjár myndir frá hendi Vilhjálms Bergssonar. Ég kann lítt að meta þessar kosmisku form-hugmyndir (Eða eru þær mikrókosmiskar?). Þó er verkið „Spenna“ (7) ekki laust við góða drætti og skemmtilegt formspil.

Nýbakabur verðlaunhafi, Bragi Asgeirsson, kemur sterkur til þessarar sýningar. Af fjórum góðum myndum fannst mér „Astriðudansinn“ (26) með sinum tondo-grunni á ferningi, hrifandi og létt.

Það er erfitt að finna viðmiðun við verk Svavars Guðnasonar, nema með því að fara allnokkuð út fyrir landsteinana, á vit þess besta sem gerist í málalaglist. Ferskleiki þessara lita og lifandi uppbygging flatarins, sprengir af sér alla ramma. Hér er málað beint frá hjartanu.

Kannski koma yngstu mál-ararnir mér mest á óvart. Sigurður Örlýgsson sýnir þrjá myndir sem er það besta sem ég hef séð eftir hann. Verkið er metnaðarfullt og sláandi, skemmtilega upp byggt og frábærlega af hendi leyst.

Þá er eitthvað óvenjulegt og krassandi að gerast í málverkum Gunnars Arnar Gunnarssonar. Hann er að losa um hömlur, sem staðið hafa honum fyrir þrifum og árangurinn leynir sér ekki. Aræði og skap brýst fram á einlagan og sannfærandi hátt. Þessir tveir ungu mál-arar sýna það, ef nokkur gerir, að stofnun félagsins er til einhvers og vonandi bætist meira af slíku blóði í hópinn, ef hin „ströngu“ inntökuskil-yrði leyfa það.

Reyndar var það heldur dapurlegt gaman að sjá þá Einar og Valtý á skerminum, með sitt hofmóðuga fylu-pokanöldur, við opnun sýningarinnar. „Hvaða sjálfse-litastakjaftæði er þetta?“ Og svo hlógu margir illkvittis-lega. Ég efast um að nokkur af hinum 19 hafi tekið undir þau hlátrasköll og er engin furða.

En kempurnar geta slapp-að af og óska ég hinu nýstofn-ada félagi alls hina besta í framtíðinni.

Nú þegar sjónvarpið fer í hefðbundið sumarleyfi í júlímánuði, er ekki að efa að margir munu leita á náðir myndbandanna. Mynd-böndin eru nýjasta greinin innan lista og fjölmiðlunar og býsna ó-mótadur miðill enn sem komið er en engu að síður full ástæða til að gefa þeim gæm. Helgarpósturinn hefur fengið Jón Axel Egilsson kvikmyndagerðarmann til að skrifa dálka um myndbönd eða vídeó

ur myndbönd, 150,- kr. á sólar-hring, og nokkrar upptökuvélar.

Myndavalið

Áberandi er að leiguspólar eru eingöngu með ensku tali og fyrst og fremst spennumyndir. Þarna virðist framboð og eftir-spurn halda í hendur. Meiri-hlutinn er ódyrt rusl en innan um má finna perlu. Má nefna myndir eftir Hitchcock og Kubrick að ögleymdum Chaplin. Nýjar myndir, sem ekki hafa verið sýndar hér, er einnig hægt að grafa upp. Þannig sá undir-

ritaður Being There, löngu áður en hún kom til landsins og hefur séð Atlantic City og The Post-man Always Rings Twice svo dæmi sé tekið.

Hægt er að fá flestar tegundir mynda; vestra, hryllingsmyndir, leynilögreglumyndir o.s.frv. sem allar flokkast undir spennumyndir, en minna er um hreinar grínmyndir. Þó virðist eftirspurn eftir léttara efni vera að aukast og fólk farið að gera sér grein fyrir, að nota má vídeó til annars (sjá síðar). Foreldrar ættu að athuga

hvað börn þeirra horfa á í vídeóinu. Mér er sagt að unglings-stúlkur sæki mikið í hryllings-myndir og er það rannsóknar-efni út af fyrir sig.

Innflytjandi segir mér að við fylgjum þróuninni vel eftir. Annað efni hafi varla staðið til bóða hingað til en nú séu ýmsar blíkur á lofti. Í erlendum tíma-ritum sem fjalla um vídeó má einnig sjá þess merki. Farið er að framleiða þætti um hvernig gera á við bila, um ljósmyndun og garðrækt.

Tvær íslenskar myndir eru komnar á vídeó: Punktur, punktur, komma strik og 79 af stöðinni.

...stefnan bæði lág og röng?

Þegar við tökum nýja tækni í þjónustu okkar verðum við að gera það með opnum huga. Við getum ekki sagt já eða nei, gott eða slæmt. Við verðum að gefa hinni nýju tækni tækifæri til að

þróast og sýna hvers hún er megnug. Eins og svo oft áður hlaupa menn til, því þeir sjá gróðann í hillingum, en þegar á reynir komast þeir af sem hæf-astir eru. Vídeóið er enn að bruma. Hvenær það springur út eða springur verður framtíðin að skera úr um.

Maðurinn hætti ekki að skrifa þegar ritvélin kom til sögunnar og hann mun heldur ekki hætta að taka kvikmyndir eða lesa þó vídeóið sé komið.

Ríkið hefur haft þann hátt á að hátolla tæknivörur og telja til munaðar. Nýlega var tollur lækkaður á þvottavélum! Þeir sem taka ljósmyndir eða kvik-myndir eða dútla við aðra list í fristundum sínum kannast vel við það hvað allt er dýrara hér en erlendis. Freistingin verður of mikil og ríkið stórtapar. Ekki nóg með það heldur fer toll-flokkurinn hækkandi eftir því sem úrvinnslan verður meiri. Fyrir utan sjónvarpið eru tveir aðilar hérlandis sem hafa tæki og tæknikunnáttu til að vinna fyrir vídeó, að kvik-myndagerðarmönnum ótöldum. Það er mikill hugur í þessum mönnum og verkefnið óþrjót-andi, en ljón á veginum.

nútímatónlist

Arnold Schoenberg
Das Klavierwerk · The Piano Music
Maurizio Pollini

STEREO

Lykill að

Arnold Schoenberg (1874-1951):
Píanóverk
Einleikari: Maurizio Pollini
Útgefandi: Deutsche Grammo-
phon 2530, 531, 1975
Dreifing: Fálkinn.

markar tímamót í ferli tón-skáldsins, stökkpall yfir í nýjar viddir.

Þannig eru þrjú píanóverk op.11, upphafið að hinni nýju og

Schoenberg sig vera búinn að tryggja „fyrstu þýskrar tón-listar, næstu 100 árin.“

Tvö síðustu píanóverkin op.33, frá 1928 og 1931, sýna fullkomn-un og fágun tónskálds, sem bú-ið er að ná algeru valdi á hinni nýju tónbyggingu.

Það er erfitt að finna betri túlkun á þessum smáu en byltingarkenndu verkum Schoenbergs. Pollini virðist geta brugðið sér milli alda, líkt og törfamaður. Hann er í hópi fárra pianista sem lætur jafnvel að túlka klassíska tónlist og tón-smíðar okkar tíma. Hvort tveggja spilar hann með slíku næmi og skilningi, að leitun er að öðru eins.

Hér sannast þetta áþreifan-lega, enda er platan gulls ígildi og veglegur inngangur að heimi nútímatónlistar. Schoenberg er ekki auðveldur og kerfi hans er kannski ekki jafnljóst og aðferð nemanda hans, Webern. En hlýði menn á þessa hljómplötu, eftir að hafa vandlega lokað öllum dyrum, er víst að Maurizio Pollini tekst ótrúlega vel að ljúka upp nýjum dyrum að sköpunarheimi þessa óviðjafn-anlega tónskálds.

Hljómplötur Klassik

eftir Halldór Björn Runólfsson



Þessi hljómplata er einstök fyrir þá sök, að einhver yfir-gripsmesti píanóleikari okkar tíma, Maurizio Pollini, leikur hér píanóverk austurríska tón-skáldsins Schoenbergs og bregður með því skýru ljósi á þróun tónskáldsins frá 1909 til 1931.

Margir halda því fram, að í þessum verkum sé að finna lyk-ilinn að nútímatónlistinni, þeim byltingarkenndu hugmyndum sem tónlist 20. aldar byggir á. Það er öruggt að hvergi er þró-un Schoenbergs frá pantónal (atónal) kerfi yfir í 12 tóna kerfi, sett fram jafn greinilega og umbúðalaust eins og í þess-um verkum. Hver flokkur þess-ara smáverka fyrir píanó, á-samt Svitunni op. 25 (1921),

óbeisluðu atónal-tónlist, samin um 1908-9 Sex lítil píanóverk op.19 eru samin tveimur árum síðar. Þau eru mörg hver svo stutt, að nærri liggur við að orbið „verk“ sé ónothæft til skil-greiningar á þeim.

5 píanóverk op.23, eru samin á árunum 1920-1923. Frá 1913 hafði Schoenberg ekki látið mikið í sér heyra. Með þessum píanóverkum stígur hann til fulls, skrefið til 12-tóna aðferð-arinnar og kemur þannig skipu-lagi á atónal-kerfið. Þetta er einkum sláandi í 5. verkinu, Valsinum, sem kalla má fyrsta hreina 12-tóna tónverkið. Píanó-svitan op.25 er frá sama tíma, eða 1921. Hún er fullmótud í hinu nýja kerfi og með henni taldi

